

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Skýrsla til hluthafafundar
28. júlí 2023

Birting skýrslu 18. júlí 2023

Stjórn Íslandsbanka hf. boðaði til hluthafafundar þann 2. júlí 2023. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 28. júlí 2023, kl. 11:00, í fundarsalnum Gullteig á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti.

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu á aðalfundi bankans, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Í skýrslu þessari er greint frá störfum nefndarinnar og tilnefningum nefndarinnar fyrir hluthafafund Íslandsbanka.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Markmið nefndarinnar er að skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri, að meta hæfi einstakra frambjóðenda til að rækja hlutverk sitt, að tryggja að sá hópur sem tilnefndur er í stjórnina hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og að sjá til þess að tilnefndur hópur sé nægilega fjölbreyttur. Nefndin hefur ráðgefandi hlutverk í tengslum við kosningu til stjórnar bankans.

Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír og eru þeir kjörnir af stjórn til eins árs í senn í samræmi við ákvæði samþykktu bankans. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar skal stjórnarformaður bankans vera einn þriggja nefndarmanna en skal þó ekki vera formaður nefndarinnar. Hinir tveir nefndarmennirnir skulu vera óháðir bankanum og daglegri stjórn hans og annar þeirra skal ennfremur vera óháður þeim hluthöfum bankans sem eiga virkan eignarhlut í bankanum, eða einhverjum hópi hluthafa sem eiga í samstarfi og eiga samanlagt virkan eignarhlut.

Stjórn skipaði eftirfarandi einstaklinga í tilnefningarnefnd bankans í september 2022: Helga Valfells, formaður, Tómas Már Sigurðsson og Finnur Árnason, stjórnarformaður Íslandsbanka.

Með tilkynningu í kauphöll 2. júlí 2023 boðaði stjórn Íslandsbanka til hluthafafundar þann 28. júlí 2023 þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Hefur nefndin að þessu sinni mun skemmri tíma undirbúnings en hún hefur alla jafna fyrir stjórnarkjör á aðalfundi.

Finnur Árnason tók ekki þátt í störfum tilnefningarnefndar í aðdraganda fyrirhugaðs hluthafafundar 28. júlí 2023. Finnur gerði stjórn bankans grein fyrir þeirri afstöðu sinni á fundi stjórnar 5. júlí 2023. Þar skýrði hann einnig frá því að hann hafi upplýst varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um þá ákvörðun sína sem hafi ekki gert athugasemdir við þá ráðstöfun. Auk stjórnarkjörs er aðalefni hluthafafundarins þann 28. júlí 2023 umfjöllun um sátt Íslandsbanka við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vegna framkvæmdar Íslandsbanka á útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka sem fram fór hinn 22. mars 2022. Í ljósi þess að til stjórnarkjörs er boðað að kröfu stórra hluthafa sem lýst hafa áhyggjum af stjórnun bankans í kjölfar sáttar bankans við fjármálaeftirlitið taldi Finnur rétt að víkja úr nefndinni og stuðla þannig að opnari umræðum nefndarinnar við hluthafa.

Þar sem Tómas Már Sigurðsson gat ekki tekið þátt í starfi nefndarinnar á þessum tíma sem um ræðir og sagði hann sig úr nefndinni. Stjórn skipaði Hilmar Garðar Hjaltason í nefndina á fundi sínum 5. júlí 2023.

Tilnefningarnefnd bankans er þannig skipuð í dag:

- **Helga Valfells, formaður**

Helga sat í stjórn Íslandsbanka frá 2013 til 2019. Hún er stofnandi og framkvæmdastjóri hjá vísisjóðnum Crowberry Capital. Helga situr í stjórn 8 tækniyrirtækja fyrir hönd Crowberry. Helga var varaformaður stjórnar Símans frá 2018 til 2021. Helga hefur m.a. sinnt störfum fyrir Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráð Íslands þar sem hún starfaði með fjölmörgum ólíkum útflutningsfyrirtækjum. Helga sat í 14 stjórnnum nýsköpunarfélaga á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins frá 2010 til 2016. Hún er frumkvöðull og hefur tekið þátt í stofnun nýsköpunarfyrirtækja og einnig starfað sem aðstoðarmaður viðskiptaráðherra. Hún hefur jafnframt starfað sem ráðgjafi fyrir fjölmörg útflutningsfyrirtæki frá Íslandi, Bretlandi og Kanada. Helga er með B.A. gráðu frá Harvard háskóla og MBA frá London Business School.

- **Hilmar Garðar Hjaltason**

Hilmar Garðar Hjaltason er ráðgjafi og meðeigandi að Vinnvinn ráðningum og ráðgjöf. Hilmar hefur starfað við ráðningar frá árinu 1998. Hans sérsvið er stjórnendaleit og mönnun stjórna. Hilmar hefur byggt upp gríðarlega gott tengslanet og mikla reynslu á markaði. Hann hefur áunnið sér góð tengsl við íslenska stjórnendur og fagfjárfesta sem eru að leita að stjórnendum. Hilmar hefur starfað fyrir fjöldann allan af fyrirtækjum í öllum atvinnugeirum og á opinberum markaði, komið að ráðningum forstjóra og lykilstjórnenda margra stærstu fyrirtækja landsins og ráðningu starfsmanna í stærri sem minni fyrirtækjum. Hilmar hefur reynslu af störfum valnefnda fyrir opinbera aðila og störfum tilnefningarnefnda skráðra félaga. Auk þess hefur hann mikla reynslu af vinnu fyrir stór íslensk fyrirtæki á alþjóðamörkuðum.

Starfsreglur tilnefningarnefndarinnar voru samþykktar í núverandi mynd á aðalfundi Íslandsbanka þann 16. mars 2023 og er þær aðgengilegar á [vef bankans](#).

Störf tilnefningarnefndar í aðdraganda hluthafafundar í júlí 2023

Nefndin hittist til að skipuleggja tilnefningarferlið, kynna sér árangursmat stjórnar, taka viðtöl við stærstu hluthafa, stjórn og bankastjóra annars vegar og frambjóðendur hins vegar og vinna að tilnefningum nefndarinnar til hluthafafundarins.

Nefndin auglýsti eftir framboðum með tilkynningu í fréttakerfi Nasdaq OMX Nordic þann 6. júlí 2023. Tilkynningin hafði að geyma leiðbeiningar um hvernig hluthafar geti sent til-lögur sínar og einstaklingar tilkynnt um framboð sitt, þar á meðal um viðeigandi framboðs-fresti. Jafnframt voru viðeigandi gögn og leiðbeiningar birtar samhliða á heimasíðu bankans. Nefndin hefur sérstakt netfang tilnefningarnefnd@islandsbanki.is þar sem hluthafar og aðrir geta komið framboðum eða öðrum upplýsingum á framfæri við nefndina.

Tímastrestur til að skila inn framboðum til tilnefningarnefndar rann út þann 10. júlí 2023.

Störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóð-enda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir hluthafafund bankans, þ.e. klukkan 16:00 þann 23. júlí 2023. Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til stjórnar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á [vef bankans](#).

Nefndin tók viðtöl við stjórnarmenn bankans þar sem m.a. var farið yfir hæfni, reynslu og þekkingu viðkomandi ásamt því að lagt var mat á aðra stjórnarmenn sem og stjórnina í

heild. Jafnframt var rætt við bankastjóra annars vegar til að fá álit hans á þeirri lykilhæfni og þekkingu sem stjórn félagsins þarf á að halda og hins vegar til að meta samsetningu stjórnarinnar, samstarfið sem og árangur hennar. Nefndin fékk jafnframt aðgang að niðurstöðum árangursmats stjórnar bankans sem var m.a. lagt til grundvallar við mat nefndarinnar á störfum stjórnarinnar og samsetningu hennar.

Ari Daníelsson, stjórnarmaður, Guðrún Þorgeirsdóttir, varaformaður stjórnar og Finnur Árnason, stjórnarformaður Íslandsbanka, gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Nefndin hafði samband við stærstu hluthafa og bauð þeim til fundar við nefndina til að koma sjónarmiðum sínum er varðar störf nefndarinnar á framfæri í aðdraganda hluthafafundarins. Mikils áhuga gætti meðal stærstu hluthafa á að funda með nefndinni og voru haldnir tíu fundir með hluthöfum.

Af fundum nefndarinnar með hluthöfum er ljóst að hluthöfum þykir ástæða til að endurnýja umboð stjórnar og í flestum tilvikum er vilji til að gera breytingar á stjórn. Voru hluthafar ekki á einu máli um það í hversu miklar breytingar á stjórn væri rétt að ráðast á þessum tímapunkti og vógust þar á annars vegar krafan um breytingar og hins vegar sjónarmið um stöðugleika og samfellu í stjórn, að mikilvæg þekking og reynsla innan stjórnarinnar tapist ekki.

Hæfniskröfur og viðmið til nefningarnefndar fyrir stjórn Íslandsbanka

Við mat til nefningarnefndar á framboðum horfði nefndin til hæfisskilyrða stjórnar samkvæmt 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ákvæða stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna og viðeigandi leiðbeininga og tilmæla um hæfi stjórnar fjármálafyrirtækja. Framangreindu til viðbótar hafði nefndin til hliðsjónar að reynsla og þekking á eftirfarandi þáttum væri æskileg:

- Fjártækni
- Reynsla af störfum á Alþjóðavettvangi
- Bankastarfsemi
- Áhættustýring
- Endurskoðun
- Eftirlit og stjórnarhættir
- Reynsla úr atvinnulífi
- Krísustjórnun
- Sjálfbærni

Við undirbúning tillagna sinna um frambjóðendur til stjórnar lagði nefndin mat á hæfni frambjóðenda, færni, reynslu og þekkingu samkvæmt gildandi reglum um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Nefndin lagði einnig mat á óhæði frambjóðenda í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Íslandi og lagði jafnframt mat á þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist. Nefndin leitaðist jafnframt við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um jafnrétti kynjanna.

Bankasýsla ríkisins og tilnefningar hennar

Bankasýsla ríkisins starfrækir sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar.

Stjórn Bankasýslu ríkisins tilnefnir til kjörs stjórnarinnar það hlutfall stjórnarmanna sem samsvarar eignarhluta ríkisins þegar kjör stjórnar fer fram. Stjórn Bankasýslu ríkisins tilnefnir nú þrjá einstaklinga í stjórn bankans og einn varamann, sem tilgreindir eru hér að neðan. Stjórn Bankasýslu ríkisins tilnefnir ekki fleiri einstaklinga til kjörs en vann með tilnefningarnefnd bankans að tilnefningu á formanni stjórnar. Var það því í verkahring tilnefningarnefndar að tilnefna fjóra stjórnarmenn og einn til vara.

- **Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður**

Anna Þórðardóttir hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hún hefur mikla reynslu af stjórnarsetu. Hún hefur setið í stjórn KPMG og félags löggiltra endurskoðenda. Hún situr í stjórn Framtíðarseturs Íslands og er formaður endurskoðunarnefndar Regins. Anna starfaði hjá KPMG á árunum 1988-2015, þar af sem eigandi frá 1999 og bar m.a. ábyrgð á endurskoðun hjá eftirfarandi félögum: Reitum, Högum, 365, Baugi Group, Vodafone, Landfestum, Landey, 10-11 og Félagsbústöðum. Anna er löggiltur endurskoðandi og er með cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún stundaði cand. merc. nám í fjármálafræðum við Handelshøjskolen í Árósum, Danmörku. Anna á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður**

Agnar Tómas Möller hefur mikla reynslu af fjármálamarkaðnum og þá sérstaklega skuldabréfamarkaði. Hann starfar sem sjálfstæður ráðgjafi en áður starfaði hann hjá Kviku eignarstýringu, við stýringu skuldabréfasjóða frá 2018-2022. Hann starfaði hjá GAMMA Capital Management á árunum 2009-2018, einnig við stýringu skuldabréfasjóða. Þar áður starfaði hann við skuldabréfamiðlun fyrir Kaupþing banka á árunum 2006-2008. Agnar er með M.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og B.A. í sagnfræði frá sama skóla. Agnar situr í stjórn ATM ehf. Agnar á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður**

Undanfarna tvo áratugi hefur Haukur starfað sem lögmaður, þar af sem sjálfstætt starfandi lögmaður í 15 ár. Hann hefur verið hæstaréttarlögmaður frá 2011. Í störfum sínum hefur Haukur gætt hagsmuna og veitt ráðgjöf til lítilla og stórra fyrirtækja, einstaklinga, sveitarfélaga og erlendra fyrirtækja og tekist á hendur fjölmörg lögfræðileg úrlausnarefni og óteljandi málflutninga fyrir dómstólum. Hann hefur stýrt rekstri Íslensku lögfræðistofunnar, sem eigandi og framkvæmdastjóri, frá stofnun lögfræðistofunnar árið 2008. Haukur á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Herdís Gunnarsdóttir, varastjórn**

Herdís Gunnarsdóttir hefur verið varamaður í stjórn Íslandsbanka frá apríl 2016. Hún tók sæti í aðalstjórn bankans í nóvember 2020 og sat sem stjórnarmaður fram að aðalfundi bankans 2021. Herdís er framkvæmdastjóri réttindasviðs Tryggingastofnunar og hefur áður starfað, m.a. sem forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Herdís er með yfirgripsmikla reynslu sem stjórnandi í heilbrigðisgeiranum og hjá opinberum stofnunum, en hefur að auki sinnt sjálfstæðum verkefnum á sviði stefnumótunar og verkefnisstjórnunar. Samhliða störfum sínum hefur hún einnig sinnt háskólakennslu. Þá hefur hún langa reynslu af stjórnarstörfum á vettvangi félagasamtaka, stéttar- og fagfélaga, lífeyrissjóða og í Evrópusamstarfi, þar af með stjórnarformennsku í lífeyrissjóði og hjá Evrópusamtökum. Herdís er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, M.Sc. gráðu í barnahjúkrun og B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði, frá Háskóla Íslands. Herdís á enga hluti í Íslandsbanka og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila bankans. Herdís telst ekki óháð bankanum og stórum hluthöfum hans vegna starfs síns fyrir íslenska ríkið sem er stór hluthafi í bankanum.

Tilnefningar í stjórn Íslandsbanka

Tilnefningarnefnd lagði mat á þau framboð sem bárust nefndinni og hafði það að markmiði að sá hópur sem nefndin tilnefnir í stjórn bankans, ásamt þeim einstaklingum sem Bankasýsla ríkisins tilnefnir, hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og að sá hópur sem tilnefndur er sé nægilega fjölbreyttur.

Eftir að hafa lagt mat á frambjóðendur, störf stjórnar á undanfögnu ári, að teknu tilliti til sjónarmiða stærstu hluthafa bankans, og að teknu tilliti til niðurstaðna árangursmats stjórnar, hefur tilnefningarnefnd komist að niðurstöðu um tillögur sínar fyrir hluthafafund bankans.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka leggur til að auk þeirra sem Bankasýsla ríkisins tilnefnir, verði eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf. á hluthafafundi bankans 28. júlí nk.

- **Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður**

Linda Jónsdóttir er framkvæmdastjóri rekstrar (Chief Operating Officer) hjá Marel, en var áður fjármálastjóri fyrirtækisins frá 2014 -2022 og forstöðumaður fjárstýringar, fjármögnunar og fjárfestatengsla frá 2009-2014. Linda hefur yfirgripsmikla alþjóðlega reynslu af stjórnun, fjármálum, hugbúnaði og rekstri í gegnum störf sín hjá Marel, en hjá félaginu starfa um 8.000 manns í yfir 30 löndum og veltir árlega 1,7 milljarði evra. Linda hefur einnig víðtæka starfsreynslu úr íslensku atvinnulífi frá störfum sínum fyrir Eimskip, Burðarás og Straum fjárfestingarbanka. Linda situr í stjórn Vísindagarða og hefur áður sinnt stjórnarstörfum fyrir Viðskiptaráð Íslands og Framtakssjóð Íslands (FSÍ). Linda er með meistaragráðu í Fjármálum Fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík, Cand. Oecon gráðu frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og löggildingarpróf í verðbréfamiðlun. Linda á 12.659 hluti í Íslandsbanka. Maki Lindu á 12.659 hluti í Íslandsbanka. Linda telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Stefán Pétursson, stjórnarmaður**

Stefán Pétursson hefur viðtæka reynslu á fyrirtækja- og fjármálamarkaði sem stjórnandi og stjórnarmaður. Hann starfaði hjá Landsvirkjun frá 1992 til 2010, sem yfirmaður fjármögnunar, deildarstjóri fjármáladeildar og fjármálastjóri síðustu átta árin. Sem fjármálastjóri tók Stefán virkan þátt í stefnumótun fyrirtækisins auk þess sem hann stýrði arðsemisgreiningum, fjármálum og fjármögnun þess. Hann var einnig í samninganefnd Landsvirkjunar við stóra viðskiptavinum. Á árunum 2010 til 2021 var Stefán fjármálastjóri Arion banka. Þar var hann í veigamiklu hlutverki við að endurreisa bankann, móta honum nýja stefnu og efla traust á bankanum á innlendum og erlendum vettvangi. Stefán var einnig í lykilhlutverki við skráningu Arion banka á markað á Íslandi og í Svíþjóð og sölu hans til innlendra og erlendra fjárfesta. Frá 2022 hefur Stefán starfað sem fjármálastjóri hjá lyfjaþróunarfyrirtækinu EpiEndo Pharmaceuticals ehf. Félagið, sem er í eigu innlendra og erlendra fjárfesta, vinnur að þróun á lyfi við lungnapembu og er í fasa 2 í klínískum rannsóknum. Stefán hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum en hann var stjórnarformaður AFL sparisjóðs og sat í stjórn Valitor, Landfesta, Landeyjar, TIF og fleiri aðila. Hann var einnig í stjórn Viðskiptaráðs og er í verkefnastjórn ÍL sjóðs og stjórn Margildis ehf. Stefán er með Cand.oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Babson College í Boston. Stefán á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Frosti Ólafsson, stjórnarmaður**

Frosti Ólafsson hefur verið stjórnarmaður frá mars 2020. Frosti starfar sem framkvæmdastjóri Ólíuverzlunar Íslands hf. Hann starfaði áður m.a. sem sjálfstæður ráðgjafi, forstjóri ORF Líftækni, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands og ráðgjafi hjá McKinsey & Company. Í sínum fyrri verkefnum hefur Frosti veitt leiðandi innlendum og alþjóðlegum fyrirtækjum ráðgjöf og þjónustu á breiðu sviði, m.a. við stefnumörkun, hagsmunagæslu, rekstrarumbætur og stjórnarhætti. Frosti situr í stjórn Garðs ehf. Frosti er með MBA gráðu frá London Business School og B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og Macquarie University í Sydney, Ástralíu. Frosti á 12.659 hluti í Íslandsbanka og 12.659 hluti í gegnum félagið Óson ehf. Maki Frosta á 12.659 hluti í Íslandsbanka. Frosti telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Valgerður Skúladóttir, stjórnarmaður**

Valgerður hefur starfað í upplýsingatækni sl. 30 ár. Hún er stofnandi upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa og hefur verið framkvæmdastjóri þess frá upphafi (2002). Áður var hún m.a. framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og heildarlausnarsviðs Tæknivals. Hún hefur setið í stjórnnum upplýsingatæknifyrirtækjanna Staki Automation og Talenta, Siminn DK og Sensa A/S og situr núna í stjórn fjártæknifyrirtækisins Memento og Erit ehf. Þá hefur hún setið í stjórn SI, verið stjórnarformaður SUT (Samtök upplýsingatæknifyrirtækja) og setið í Hugverkaráði SI. Hún situr í stjórn Samtaka Atvinnulífsins og Skógræktarfélags Reykjavíkur og er varamaður í stjórn Klassíska Listdansskólans og Íslandsstofu. Valgerður er rafmagnsverkfræðingur C.Sc. frá Háskóla Íslands og er með MBA frá University of Miami. Valgerður á 12.659 hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum

og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Páll Grétar Steingrímsson, varastjórn**

Páll Grétar Steingrímsson starfaði hjá Deloitte á árunum 1988-2021, þar af sem eigandi frá 1999 og bar m.a. ábyrgð á endurskoðun hjá eftirfarandi félögum: Arion Banka, Stefni, Landsneti, Sjóvá og Íslandsbanka. Páll átti sæti í stjórn Deloitte 2007 – 2018. Hann leiddi þjónustu félagsins við fjármálafyrirtæki frá 2006, sat í stjórnendateymi fyrir þá þjónustu hjá Deloitte á Norðurlöndum frá 2016 og leiddi endurskoðunarhluta þess. Páll var varaformaður Félags löggiltra endurskoðenda um tveggja ára skeið. Hann er formaður endurskoðunarnefndar Þorbjarnar hf. og varamaður í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Hann er einnig varamaður í stjórn Sköpunarmiðstöðvarinnar svf. Páll er löggiltur endurskoðandi og er með Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Páll á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Verði stjórn bankans skipuð þeim einstaklingum sem nefndin og Bankasýsla ríkisins tilnefna er það mat nefndarinnar að hún muni hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og uppfyllir ákvæði laga og samþykkt bankans um að hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skuli ekki vera lægra en 40%. Jafnframt endurspeglar samsetning þessi fjölbreyttan hóp einstaklinga, meðal annars m.t.t. menntunar, starfsreynslu og aldurs.